



## Stærðfræði 2. bekkur 2024-2025

Í stærðfræði er nýtt námsefni kynnt með innlögnum í upphafi kennslustunda. Unnið eftir áætlun í grunnbókum Sprota 2a og 2b nemenda- og æfingaheftum ásamt Stærðfræðispæjum.

Hver vinnur á sínum hraða og fær aukaefni við hæfi þegar það á við. Unnið með ýmis verkefni, spil og stærðfræðiforrit á stöðvum, einstaklings og/eða hópavinna.

### Kennsluaðferðir

Innlagnir í krók fyrir hvern þátt. Unnið er á stöðvum, í hópavinnu og einstaklingsvinnu.

### Námsefni og gögn

Námsþættir sem farið er í vetur eru eftirfarandi: Tölurnar 0-100, samlagning, frádráttur, lengdarmælingar, tölfræði, tíminn, samhverfa, tvöfalt meira/helmingi minna, sléttar- og oddatölur, reikningur með tölum upp í 100, flatarmál, marghyrningar og hringir, rúmfræðiform.

Námsgögn sem stuðst er við eru: Sproti 2a og 2b nemendabækur, Sproti 2a og 2b æfingahefti, Stærðfræðispil, Stærðfræðispæjarar 1, Ipad og fjölbreytt verkefnablöð og hefti.

### Námsmat

Kaflapróf eftir hvern þátt og lokapróf úr Stærðfræði 2a og 2b.

**Kennarar** – Fjóla Kristjánsdóttir og Írena Sif Kristmundsdóttir

